



Journey to Peace - Vegurinn til friðarins

Þann 11.6.2017 fjallaði Kla.Tv um „Dag alþjóðlegrar vináttu“ í Sviss. Fólk frá ólíku þjóðerni, menningarheimum, lífsskoðunum o.s.frv. hittist þar til þess að votta hvert öðru virðingu og ást.



Þann 11.6.2017 fjallaði Kla.Tv um „Dag alþjóðlegrar vináttu“ í Sviss. Fólk frá ólíku þjóðerni, menningarheimum, lífsskoðunum o.s.frv. hittist þar til þess að votta hvert öðru virðingu og ást. Á meðal hinna rúmlega 3000 gesta voru Yael Deckelbaum frá Ísrael og Miriam Toukan frá Palestínu. 2016 skipulögðu þær sína fyrstu friðargöngu „Women Wage Peace“ til þess að sýna að þessar þjóðir vilja hvorki klofning né stríð. Lagið „Prayer of the Mothers“ (Bæn mæðranna) sem Yael Deckelbaum samdi 2016 og sem konurnar báðar sungu á degi alþjóðlegs vinskapar, vakti það mikla hrifningu og náði til hjartna áhorfenda í Sviss. Þar tilkynntu Yael og Miriam aðra friðargöngu í Ísrael fyrir 2017. „Journey to Peace“ (á íslensku 'Ferðin til friðarins') var haldinn frá 24. sept. til 10. okt. 2017. Leiðin lá frá mótstaðnum Sderot og áfram til Dauðahafsins þar sem haldin var stór sátтарhátíð á Youm Kippur (heitir sátтарdagur á Íslensku og er stærsti ísraelski hátíðisdagurinn) að kvöldi þess 29.sept. Áætlað er að 13.000 manns frá Ísrael og Palestínu, en líka hvaðanæva að úr heiminum hafi tekið þátt til þess að sýna heiminum að friður milli þessara landa sé mögulegur.

Ísraelsmenn og Palestínnumenn hétu sér: „Við munum ekki gefa eftir heldur berjast svo lengi uns deilur hafa tekið enda í eitt skipti fyrir öll“.

Mannmærgðin hélt áfram frá Dauðahafinu til Jaffa þar sem fyrsta hluta ferðarinnar lauk þann 6.10. Annar hlutinn leiddi til Jerúsalem. Þar söfnuðust ca. 30.000 manns þann 8. okt. Þessi magnaði atburður endaði seint um kvöld, þess 10.10. 2017 í Sjálfstæðisgarðinum í Jerúsalem. Þar sameinaðist fólk beggja þjóðanna, Ísraels og Palestínu, í orðum, látbragði og tónlist af kærleika og virðingu fyrir hvort öðru.

Líkt og árinu fyrr þar sem fjölmiðlar, bæði í Evrópu sem og í austurlöndum veittu friðargöngunni „Women Wage Peace“ (á Íslensku „Konur iðka frið“ nánast því enga athygli þá veittu fjölmiðlar „Journey to Peace“ því sem næst enga athygli þrátt fyrir þessa gríðalegu þátttöku. En Kla.Tv þáði boðið og var með live, alveg frá Jaffa til Jerúsalem til þess að gefa ykkur kæru áhorfendur hlutdeild í þessum merkilega atburði. Á staðnum tókum við nokkur mjög merkileg viðtöl við þátttakendur friðargöngunnar. Leyfið þessum myndum beint frá Ísrael og boðskap þessara meintu fjandþjóða að hreyfa við ykkur.

Frá 24.sept hafa konur og menn hvaðanæva á landinu tekið sig saman til í friðargöngu, með kröfugöngum í Sderot, Nasaret, Jerocham, Be'er Scheva og á mörgum öðrum stöðum. Hér mun líka ísraelska tónlistakonan Yael Deckelbaum koma aftur fram, sem hefur með laginu sínu „Prayer of the Mothers“ þegar hreyft við mörgum og hvatt þá til að gefa ekki upp trúna á frið.

Við frá Klagemauer.tv tókum að okkur það verkefni að færa alltaf fréttir af fólki til fólks. Því spyrjum við nú þátttakendur friðargöngunnar hvað þeim liggur á hjarta og hvað þeir hafa að

segja.

-Hér ganga Ísraelsmenn og Palestínnumenn friðsamlega hver með öðrum fyrir friði á meðan heiminum er miðluð sú mynd að báðar þjóðir séu ósættanlegir fjendur. Hvernig passar þetta saman?

-Það eru mörg samtök hér sem berjast fyrir friði. En því miður er ekki minnst einu orði á það í fjölmiðlum. Þó eru þeir á staðnum. Ég heyrði að meira en hundrað þeirra séu hér í Ísrael og Palestínu en þeir fjalla fyrst og fremst um afbrotin, hryðjuverk og því um líkt.

-Hér í Ísrael og Palestínu eru margir hópar, stofnanir og „frjáls félagasamtök“ (NGO's) sem vinna með hvert öðru.

Hundruðir, tugir manna framkvæma ýmislegt saman. Hvort heldur um ræðir listir, stjórnsmál, alveg sama hvað. Þeir vinna saman og vilja lifa í friði. Þau lifa nú þegar í friði. Þetta er ekki einhver draumsýn – eitthvað svona: 'Já, þetta kemur á næstu 20 árum, einhverntímann í framtíðinni'. Það er þegar friður, hann er hérna núna.

Þessi samtök hér, þessi samkoma er friður. Svona lítur friðurinn út. Og ef við lítum í kringum okkur þá munum við sjá slíka hluti útum allt í Ísrael.

-Hið svokallað „hatur“ er eitthvað sem okkur er talið trú um.

En hér sjáum við að það gengur líka á hinn veginn. Kannski með tímanum, kannski ekki strax á næsta ári, en fólk mun taka eftir að við getum gert þetta öðruvísi. Ekki bara með stríði og ofbeldi. Ég trúi ekki að fólk vilji drepa sig. Ég trúi ekki að fólki hugnist stríð.

-Ef sýnt hefur verið fram á að þjóðir geti yfirunnið klofning, ætti þá friður ekki alstaðar að vera mögulegur?

-Auðvitað! Við trúum að friður sé alstaðar mögulegur. Það byrjar hið innra, trú, tilfinning. Það er mögulegt og síðan að átta sig á að hitt er ekki aðskilið frá þér, heldur hluti af þér. Þetta er hluti af þér og ef þú lætur þessar grensur bráðna eða múrana þá munt þér einfaldlega finnast það mjög auðvelt að hittast, að bæta upp hvert annað og vinna saman. Þetta er ekki eitthvað fjarlæggt, þetta býr í þér og þú getur þetta. Alveg örugglega!

-Ég trúi að ástæða þess að fólk kemur hingað, er að í öðrum heimshlutum hafa svipaðar hreyfingar líka byrjað svona; í Afríku eða hvar sem er í heiminum. Því höldum við, ef það var mögulegt þar, þá sé það kannski mögulegt hér. Of margir virðast segja: „Nei, það eru engir möguleikar. Það er of mikið hat“ o.s.frv. En á öðrum stöðum í heiminum hefur fólk náð þessu. Hvers vegna ekki hérna líka?

-Hvað getur fólk sem horfir á þetta heima hjá sér gert til þess að heimsfriður komist á?

-Þú ættir ekki að einblína á ágreininginn heldur á hina hliðina. Á möguleikana, tækifærin sem gefast til samvinnu, tala saman, vera saman.

-Vera sterk, hugrökk og ekki leyfa hræðslu að stjórna ferðinni!

-Til að byrja með er mikilvægt að tala um það. Ef einhver heyrir um þetta þá get ég sem vitni sagt: Ég hef upplifað þetta sjálf, hvernig Gyðingar, Ísraelsmenn og Palestínnumenn komu saman og töluðu saman um frið, um að lifa með hvort öðru.

-Þetta er sannarlega viðburður sem maður verður að upplifa. Við erum hér í beinni í Jerúsalem þar sem önnur sögulega friðargangan „Woman Wage Peace“ nær hápunkti sínum eftir tveggja vikna göngu hér á síðustu stóru fjöldasamkomunni. Hér fyrir aftan er fjöldi fólks saman kominn og allir komu til þess að leggja sitt að mörkum. Til þess að bera því vitnisburð að fólkið í þessu landi þráir frið og er tilbúið að nálgast hvert annað. Palestínnumenn og Ísraelsmenn rétta hvorir öðrum höndina og vona eftir betri framtíð. Þeir vilja yfirvinna klofning sem hefur verið þvingaður upp á þá af stjórnsmálamönnum og hamraður inn af fjölmiðlum. Friðarganga síðasta árs vakti enga athygli fjölmiðla. Jafnvel hér í Ísrael var að mestu þagað um hana þannig að mjög margir fengu engar fréttir af þessari vakningu hér.

-Hér ganga Ísraelsmenn og Palestínnumenn saman í mesta bróðerni fyrir friði á meðan heiminum er miðluð sú mynd að báðar þjóðir séu erkifjendur. Hvernig passar þetta saman?

-Ég ólst bæði upp í Ísrael og USA. Og í USA getur maður séð sterkan klofning á milli gyðinga og múslima, milli Ísraelsmanna og Palestínumanna. Það er mjög, mjög algengt. Pólitíkin, trúarbrögðin, hvernig sem á það er litið. Hér er þetta allt öðruvísi. Skilaboðin eru ekkert öfgafull og sameina þess vegna ólíkt fólk.

-Atorkan, tilfinningin og kraftur kvennanna sem hér eru er ólýsanlegur og gefur innblástur. Og hún gefur fólkinu kraft og orku til þess að framkvæma þessa tegund af vinnu.

-Vandamálið er að það eru margir sem eru ekki svo hlynntir friði og sátt saman.

-Með göngum sem þessum reynum við að fá fleira fólk til að safnast í friðarhreyfinguna.

-Ef þú ferð sjálfur til einhvers, fólksins, þá vilja allir frið. Punkturinn er að hitta einstaka manneskju, hitta manneskjuna sjálfa og ná sáttum hvort með öðru. Það er hjarta til hjarta; þar er engin pólitík, enginn að leggja dóm, þetta snýst bara um hjarta til hjarta. Og það er það sem við þurfum að gera. Ég held, að allir vilji frið. Djúpt hið innra erum við öll eins. Hið ytra þurfum við að aðlaga okkur að hlutum sem við höldum okkur verða að gera. Frá hjarta til hjarta er það auðvelt.

-Margir vilja sannfæra okkur að það séu ekki til neinir Ísraelsmenn og Palestínurmenn sem vilja frið, en það liggur frekar í því að við þekkjum ekki hvort annað og erum hrædd við hvort annað. Það er til fleira fólk sem vill frið en það sem vill engan frið. Það sem „Woman Wage Peace“ gerir, er að reyna að ná stórum hóp fólks saman sem segir: Við hættum ekki fyrr en við höfum náð friðarsamkomulagi.

-Það er ekki hægt að aðskilja okkur frá hvort öðru

-Við búum við hliðina á hvort öðru og erum útsett fyrir sömu erfiðu skilyrðunum. Við stöndum frammi fyrir nauðsynlegum breytingum eins og t.d. stjórnaskiptum. Það er staðreynd að okkur er haldið frá vissum upplýsingum, við fáum bara hálfan sannleikann. Það er nauðsynlegt að þetta breytist. Munurinn á því sem fólk hafið vonað þá búum við, konur frá Ísrael og Palestínu nú þegar í friði saman og þannig byrjar breytingin í gegnum okkur.

-Ef hér er sett það fordæmi að þjóðirnar geti yfirunnið klofning, ætti þá ekki alstaðar vera möguleiki á friði?

-Þetta er það sem við viljum ná með þessari vinnu.

-Ef raunverulegar sættir eru til milli beggja hópa og þeir viðurkenna hvor annan, taka á móti þörfum hinna, þá trúi ég að friður náist. En það er ekki létt ferli. Það er mikil vinna. Það verður að eiga sér stað heiðarlegt samtal.

-Við þurfum sífellt fleira fólk. Við þurfum vöxt. Ef við vöxum ekki, mun þetta ekki virka. Því þegar stjórnvöld sjá að gríðalegur fjöldi fólks gengur friðargöngu, þá munu þau breytast.

-Það er ekki valkostur að finna enga lausn.

-Í flestum tilfellum eru það stjórnvöld og þeir háttsettu sem halda að þeir tali í nafni fólksins. En á flestum stöðum vill fólk bara frið.

-Hvað með fólk sem er heima, áhorfendur sem vilja vera þátttakendur, að heimsfriður komist á?

-Það þarf áframhaldandi næmnis- og vitundarvakningu fyrir því að kynnast mismunandi hliðum, alveg sama hvort einhver hafi áhuga þessum eða einhverjum öðrum deilum. Það er nauðsynlegt að maður ræði við fólk og átti sig á viðeigandi þemum. Ég hef sjálf tekið eftir því sem erlendis búandi Ísraelsmaður að ég hef ekki fengið upplýsingar um margt sem hefur gerst. Og eftir að ég flutti hingað var besti möguleikinn að tala við fólk til þess að fræðast um mismunandi themu. Þannig held ég að gera sig næman leiði til þess að fólk taki meira þátt og sjái hvað það geti gert.

-Tengstu einhverri friðarhreyfingu sem tekst á einhvern hátt á við deilur! Farðu út á göturnar! Það dugar ekki að vera bara á Facebook.

-Við þurfum að tengjast þessar innri náttúruhvöt og hún er friðarhvöt, hún er ekkert fyrir stríð. Hlustaðu á hjartað!

-Farðu út! Hittu fólk sem þú óttast virkilega eða þú heldur að þér líki ekki við. Farðu og hittu þau! Reyndu að ræða málin og komast að hvað þið eigið sameiginlegt og áttaðu þig síðan á því hvað aðgreinir ykkur, ef eitthvað aðgreinir ykkur yfir höfuð. Og hvað maður síðan gert til þess að lifa friðsamlega saman.

-Við þurfum að byrja á friðnum neðan frá, í grunninum. Veistu, áður en við störtum stóru hlutunum, ættum við að byrja á því að lifa í friði með þeim sem við hittum.

-Við byrjum heima og þar lifum við saman í ást og friði. Ef sérhver byrjar þar að elska náungann, náum við sameiginlegri göngu. Hinni einu og sönnu breytingu.

-Líka hér í Sjálfstæðisgarðinum hafa hundruðir komið saman. Stemningin er hlaðin einurð og gleði. Hér er ekki vottur af klofningi, öfund né stríði. Hér talar fólk tungumál hjartans sem nær langt út yfir persónuleg, tungumálaleg, trúarleg eða pólitísk landamæri. Við frá Klagemauer tv. fögnum því að geta deilt þessari sögulegu göngu óritskoðaðri og live til ykkar svo þið getið orðið vitni þess hve þjóðirnar þrá frið. Dagurinn í dag sannar það enn frekar að þessi lönd eru ekki dæmd til eilífs klofnings því stór hluti fólksins vill ekki eiga hlutdeild í þeim stríðsáróðri sem fjölmiðla kynda stöðugt undir hvað Austurlönd nær varðar.

eftir hm

Heimildir:

<https://www.kla.tv/10695>

<http://womenwagepeace.org.il/en/journey-peace-2017/>

<https://www.haaretz.com/israel-news/1.816255>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Fridarhreyfingar - Friðarhreyfingar - www.kla.tv/Fridarhreyfingar

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrð frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknunum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.